

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma nr. 129/1999.

1. gr.

1. gr. orðast svo:

Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir því að haldin sé smitsjúkdómaskrá. Skráin tekur til smitsjúkdóma, sýklalyfjanothunar og bólusetninga (ónæmisáðgerða) sbr. reglugerð um bólusetningar á Íslandi. Sóttvarnalæknir skal fá afhentar upplýsingar úr lyfjagagnagrunni landlæknis skv. 27. gr. lyfjalaga og frá heilbrigðisstofnunum til að halda skrá um sýklalyfjanothkun. Upplýsingarnar skulu vera ópersónugreinanlegar.

Til að halda skrá um sýklalyfjanothkun kallar sóttvarnalæknir eftir upplýsingum úr lyfjagagnagrunni landlæknis og frá sjúkrastofnunum. Þær upplýsingar mega ekki bera með sér önnur persónuauðkenni en aldur, kyn og búsetu samkvæmt póstnúmeri þeirra sem lyfjunum hefur verið ávísað á, sérgrein læknis, sjúkrastofnun og deild þar sem sjúkrastofnun er deildarskipt. Upplýsingar um sýklalyfjanothkun skulu vera ópersónugreinanlegar. Forstöðumönnum heilbrigðisstofnana er skylt að senda sóttvarnalækni upplýsingar um magn sýklalyfja sem notað er á viðkomandi stofnun, skipt eftir deildum þar sem það á við. Gæta skal fyllsta trúnaðar um allar einkalífsupplýsingar sem fram koma í smitsjúkdómaskrá og gilda um skrána sömu reglur og aðrar sjúkraskrár. Ítrustu varúðar skal gætt við meðferð, vörslu og sendingu upplýsinga um tilkynningaskylda sjúkdóma.

Sóttvarnalæknir gefur nánari fyrirmæli um tilhögun skráningar og tilkynninga í smitsjúkdómaskrá og skrá um sýklalyfjanothkun, m.a. um hvaða ráðstafanir skuli viðhafðar til að tryggja öryggi persónuupplýsinga varðandi tilkynningaskylda sjúkdóma.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 3. gr.:

Á eftir orðunum „nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis“ koma orðin „sbr. 1. gr.“

3. gr.

4. gr. orðast svo:

Skráningarskyldir sjúkdómar.

Skráningarskyldir sjúkdómar eru:

afbrigðilegar berklasýkingar

bráður niðurgangur

condyloma genitalis

eyrnabólga

flatlús

hálsbólga

heilabólga

(encephalitis/meningoencephalitis)

heilahimnubólga af völdum sýkla

heilahimnubólga af óþekktum toga

hlaupabóla

höfuðlús

inflúensa

kláðamaur

lungnabólga

Lyme sjúkdómur (borreliosis)

matareitrun af völdum sýkla eða

eiturefna þeirra

mýrarkalda (malaria)

njálgur

psittacosis

ristill (herpes zoster)

skarlatssótt

sýkingar af völdum fjölonæmra sýkla

áðgerðartengdar sýkingar í

heilbrigðisþjónustunni

toxóplasmasyking

þvagrásarbólga af óþekktri orsök

4. gr.

5. gr. orðast svo:

Tilkynningaskyldir sjúkdómar.

Tilkynningaskyldir sjúkdómar eru:

barnaveiki	kikhósti
berklar	klamydíusýking
bólusótt	kólera
bótúlismi	legiónellusýking
Creutzfeldt Jacob veiki og afbrigði hennar	lekandi
enterohemorrhagisk E. coli sýking	lífrarbólga A
giardiasis	lífrarbólga B
gulusótt og aðrar blæðandi	lífrarbólga C
veiruhitasóttir	lífrarbólga E
heilkenni alvarlegrar bráðrar	lífrarbólga vegna annarra veira
lungnabólgu (HABL)	linsæri
hemofilus influenzae sjúkdómur gerð b	listeríusýking
hettusótt	lömunarveiki
hérasótt (tularemia)	meningókokkasjúkdómur
HIV-sýking	miltisbrandur
holdsveiki	mislingar
hundaæði	rauðir hundar
huldusótt (Q-fever)	salmonellusýking
inflúensa A sem valdið getur	sárasótt
heimssótt	sígellusýking
kampýlóbactersýking	stífkrampi
	svarti dauði
	öldusótt (brucellosis)

5. gr.

1. mgr. 6. gr. orðast svo:

Tilkynningu um tilkynningaskyldan sjúkdóm eða sjúkdómsvald skal senda sóttvarnalækni án tafar. Sóttvarnalækni er heimilt að fela göngudeildum smitsjúkdóma, sbr. 1.- 3. gr. reglugerðar nr. 131/1999 um göngudeildir vegna tilkynningaskyldra smitsjúkdóma og um undanþágu frá greiðsluhlutdeild sjúklunga, að halda skrá yfir tilkynningaskyld sjúkdóms-tilfelli.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 18. gr., sbr. 3. gr., sóttvarnalaga nr. 19/1997, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 21. júní 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

